

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að leita leiðsagnar hjá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

Á fundi borgarráðs þann 13. apríl 2023 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi tillögu:

„Flokkur fólksins leggur til að Reykjavík óski leiðsagnar frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um hvernig Reykjavík getur hagrætt í rekstri og náð þannig undirtökum í rekstri borgarinnar. Reykjavík er komin yfir þau skuldaviðmið sem sveitarfélögum eru sett. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. ekki vera hærrí en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Á árinu 2021 var veltufé frá rekstri A-hluta borgarsjóðs 0,3%, í útkomuspá fyrir árið 2022 var það -2,3% og í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 er það áætlað 2,3%. Allar líkur benda til að A-hluti Reykjavíkurborgar hafi á þessu þriggja ára tímabili ekki getað greitt af eigin rekstrartekjum, neitt sem skiptir máli, upp í afborganir lána og til fjárfestinga. Þessi staða hefur þýtt aukna lántöku sem aftur á móti leiðir af sér að þungi afborgana lána vex stöðugt og fjárhagslegt svigrúm borgarsjóðs minnkar að sama skapi. Í vaxandi verðbólgu verða áhrif þessarar þróunar enn meiri. Það segir sig sjálft að slík vegferð tekur enda fyrr en síðar. Nú þegar eru farin að blikka sterk aðvörunarljós á vegarenda sem birtast meðal annars í áhugaleysi markaðarins á skuldabréfaútgáfu Reykjavíkurborgar.“

Greinargerð fylgir tillögunni, þar sem fram kemur að hún sé borin fram á þeim forsendum að fjármálareglur muni að öllum líkindum færast í fyrra horf eigi síðar árið 2026. Samkvæmt 77. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn skylda til að gera eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga viðvart komist sveitarfélag í fjárþröng eða sveitarstjórn telji að fjármál sveitarfélags stefni í óefni. Því sé nauðsynlegt að hefja undirbúning þess eigi síðar en strax að A-hluti Reykjavíkurborgar standist fjármálareglur sveitarstjórnarlaga, þegar þær taki gildi á nýjan leik.

Umsögn:

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga hefur upplýst sveitarstjórnir, með bréfi dags. 9 maí sl., um almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2023, sbr. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Þar með talið er eftirlit með reikningsskilum og fjárhagsáætlun sveitarfélaga og þær bornar saman við viðmiðanir samkvæmt lögum og viðeigandi reglugerðum. Þá kemur fram að nefndin fari með almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn séu í samræmi við lög og reglur. Hefur



Reykjavíkurborg

nefndin sett sér starfsáætlun fyrir árið 2023 þar sem fram koma helstu áhersluatriði nefndarinnar fyrir árið og hafa sveitarstjórnir verið upplýstar um þau áhersluatriði svo hægt sé að hafa þau til hliðsjónar við framkvæmd eftirlits nefndarinnar með fjármálum sveitarfélaga. Sveitarstjórnir eru í bréfi nefndarinnar enn fremur hvattar til að hafa samband við eftirlitsnefndina óski þær eftir leiðbeiningum.

Í fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar var gerð ítarleg grein fyrir því hvernig borgin hyggst snúa við skuldahlutfallinu fyrir árið 2026 þegar bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga fellur úr gildi. Í fjármálastefnu Reykjavíkurborgar til næstu fimm ára eru enn fremur tiltekin markmið og megináherslur í fjármálastjórn borgarinnar þar sem m.a. er lögð áhersla á að rekstrarniðurstaða verði jákvæð frá og með árinu 2025. Ekki hefur komið til þess að Reykjavíkurborg hafi talið sig knúna til að leita leiðsagnar eftirlitsnefndarinnar vegna hagræðingar í rekstri.

Virðingarfyllt,

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs